

Alþingi **Samtök eigenda sjávarjarða.**
Erindi nr. Þ 132/797 **Pósthólf 90,**
komudagur 9.2.2006 **780 Hornafirði.**

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

7. febrúar 2006

Málefni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fiskverndarsvæði við Ísland, 132. löggjafarþing 2005-2006, þskj. 52 – 52. mál.

Ég undirritaður vísa í bréf sjávarútvegsnefndar til **Samtaka eigenda sjávarjarða** hvað viðvíkur umsögn um hjálagða tillögu til þingsályktunar um fiskverndarsvæði við Ísland, 52. mál.

Við minnum á að netlög, sem er hafsvæði næst landi, eru eign sjávarjarða. Eigendur sjávarjarða eru tiltölulegir eigendur sjávarauðlindarinnar og með því að eiga netlögin eiga þeir hluta fiskveiðilögsögunnar og landhelginnar. Bæði lífríkið og sjórinn sjálfur er á ferðinni milli netlaganna og ytra svæðis þar sem íslenska ríkið fer með umráð. Auðlindin er því óskipt sameign eigenda netlaga og íslensku þjóðarinnar sem á ytra svæðið.

Svæði þetta er álitid það gjöfulasta og frjósamasta í sjávarauðlindinni og eru uppeldisstöðvar bæði fiska og annara sjávardýra. Í því sambandi er vísað í 7. og 8. heimildamyndaflokka BBC „*Hafið bláa hafið, The Blue Planet*“, þar sem sýnt er fram á mikilvægi hafræmunnar næst landi. Ennfremur er vísað í ummæli Dr. Veerle Vandewerd, framkvæmdastjóra alheimsáætlunar um varnir gegn mengun hafsins frá landi. Hún segir: „*Skilgreind strandsvæði eru einnig hýbýli 90% fiska og skeldýra*“. Dr. Kathy Sullivan, geimfari og könnuður í Explorers Club segir: „*Strandsvæðin skipta miklu máli fyrir fiskveiðar og eru mikilvægar fiskuppeldisstöðvar. Umhverfisgæði almennt taka mið af ástandi strandsvæðanna sem eru lungu og lifur jarðarinnar*“.

Íslenskar rannsóknir sem kynntar hafa verið í meistaraþrófsritgerð Gróu Þóru Pétursdóttur, líffæðings á Hafrannsóknarstofnun, sýna að mikill munur er á vexti þorsks eftir svæðum. Þorskur sem hrygnir á fjörusvæðinu næst landi, (þ.e.) m.a. í netlögum, vex hraðar og er lengri og þyngri fiskur og er í betra ástandi en jafngamall fiskur sem hrygnir utar og dýpra.

Þetta sýnir hversu gífurlega mikilvæg netlögin eru, sem eru í einkaeign, og hvað þau leggja mikil verðmæti til sameiginlegrar auðlindarinnar.

Þegar lög um stjórn fiskveiða voru sett 1990 þá var ekkert tillit tekið til eignarréttar í auðlindinni sem fyrir var og tilheyrir sjávarjörðum, þ.e. netlögum sem er hluti sjávarins á Íslandsmiðum.

Varðandi tillöguna til þingsályktunar um fiskverndarsvæði viljum við segja þetta. Ljóst er að ekki er hægt að setja á stofn kerfi / net fiskverndarsvæða við Ísland í þeim tilgangi að efla fullnýttar og ofnýttar nytjategundir og til að vernda mikilvæg búsvæði án þess að tekið sé tillit til eignarréttinda íslenskra borgara sem fyrir eru á hafssvæðum við Íslandsstrendur. Sömuleiðis hefur löggjafarsamkoman, Alþingi, hvorki umboð né heimildir til að banna með lögum alfarið veiðar á fyrrgreindum svæðum. Áður en það getur gerst þarf að setja lög um að eigendur sjávarjarða verði löglega sviptir eignum sínum í þjóðnýtingar- og friðunartilgangi og komi þá fullt verð fyrir í samræmi við lög sem Alþingi Íslendinga hefur sjálf sett.

Þingsályktunartillagan vísar til þess að sjávarútvegsráðherra verði falið að beita sér fyrir því að kerfi / net fjölbreyttra fiskverndarsvæða verði sett upp við strendur Íslands í þeim tilgangi að auka fiskafla á miðum í grennd og styrkja lífríkið í hafinu. Um þetta er það að segja að þótt skynsamleg friðun geti í vissum tilvikum átt rétt á sér þá hefur sjávarútvegsráðherra ekki lagaheimild til að vernda og friða eign sjávarjarða.

Því er það niðurstaða okkar að fallast ekki á ofangreinda þingsályktunartillögu. Til þess að slíkt komi til álita þá þarf að liggja algjörlega ljóst fyrir hvar, hvernig og hvenær á að friða og vernda. Fullt samráð og samþykki þarf ennfremur að liggja fyrir frá eigendum hluta auðlindarinnar, þ.e. eigendum sjávarjarða. Minna má á að til þess að friðun, án samþykkis eigenda, geti átt sér stað þá þarf a.m.k. að fara fram löglegur eignarnámsferill í samræmi við lög frá Alþingi. Eignin er tryggð með 72. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttar og 1. gr. 1. viðauka Mannréttindasáttmála Evrópu, sem Ísland fullgilti 19. júní 1953. Ennfremur er vísað í 65. gr. stjórnarskrárinnar, um að borgararnir séu jafnir fyrir lögunum og 12. gr. stjórnsýslulaga um meðalhóf.

Virðingarfyllst,
f.h.
Samtaka eigenda sjávarjarða

Ómar Antonsson, formaður.